



Fundargerð

35. aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

35. aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) var haldinn föstudaginn 4. nóvember 2011 í Kirkjuhvoli í Garðabæ og hófst fundurinn kl. 14:00

Þetta gerðist:

1. Fundarsetning

Ásgerður Halldórsdóttir formaður stjórnar SSH setti fund og stýrði kjöri fundarstjóra og ritara. Fundarstjóri var kjörinn Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur í Garðabæ. Fundarritari var kjörinn Guðfinna B. Kristjánsdóttir, upplýsingastjóri Garðabæjar.

2. Aðalfundarstörf

- **Skýrsla stjórnar vegna starfsársins 2010-2011, Ásgerður Halldórsdóttir, formaður stjórnar SSH.**

Formaður greindi frá því helsta sem unnið hefur verið á vettvangi SSH frá því að síðasti aðalfundur var haldinn. M.a. fjallaði formaður um málefni Álfstaness og Strætó bs., skíðasvæðið í Bláfjöllum og um yfirfærslu á þjónustu við fatlað fólk. Einnig vék formaður að ýmsum verkefnum aðildarsveitarfélaganna og ræddi þar sérstaklega störf framtíðarhóps SSH og vinnu 14 verkefnahópa sem skipaðir voru í kjölfar hugmyndasmiðju sem haldin var í apríl 2011. Formaður þakkaði að lokum framkvæmdastjóra SSH fyrir vel unnin störf fyrir samtökin frá síðasta aðalfundi.

- **Endurskoðaðir reikningar fyrir 2010 og fjárhagsáætlun fyrir 2012. Páll Guðjónsson framkvæmdastjóri SSH.**

Páll byrjaði á að fara yfir þróun rekstrartekna SSH sl. áratug, þ.e. frá 2001-2011. Hann benti á að framlög sveitarfélaganna hefðu farið lækkanði, reiknað á föstu verðlagi og sama ætti við um rekstrargjöld.

Framkvæmdastjóri fór yfir framlagðan og endurskoðaðan ársreikning fyrir árið 2010. Helstu niðurstöður eru þessar:

Rekstrareikningur.

Rekstrartekjur	þús. kr.	21.624.355,-
Rekstrargjöld	þús. kr.	24.680.134,-
Fjármunatekjur/ gjöld	þús. kr.	(1.113.057,-)
Rekstrarhalli	þús. kr.	1.942.722,-

Efnahagsreikningur.

Eignir	þús. kr.	27.651.232,-
Eigið fé	þús. kr.	26.458.963,-
Skammtímaskuldir	þús. kr.	1.192.232,-

Framkvæmdastjóri fór einnig yfir og skýrði tillögu stjórnar SSH að fjárhagsáætlun fyrir árið 2012.

Fyrirspurnir og umræða um skýrslu stjórnar, ársreikning og fjárhagsáætlun.

Jón Bjarnason Mosfellsbæ tók til máls og nefndi hvort auka þyrfti upplýsingagjöf frá SSH til íbúa sveitarfélaganna.

Tillaga um að hækka árgjald til samtakanna úr 20 kr. á íbúa í 25 kr. var borin upp til atkvæða og var hún samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta en einn var á móti.

Skýrsla stjórnar, fjárhagsáætlun 2012 og reikningar félagsins samþykktir samhljóða.

O Breyting á samþykktum SSH

Fundarlið frestað þar til síðar í dagskrá fundarins.

O Kosning

Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og eins löggilts endurskoðanda.

Tillaga kom fram um að skoðunarmenn reikninga verði:

Aðalmenn:

Björk Vilhelmsdóttir, Reykjavík og Páll Hilmarsson, Garðabæ.

Samþykkt samhljóða.

Tillaga kom einnig fram um að löggiltur endurskoðandi verði hinn sami og nú er, þ.e. Eyvindur Albertsson, frá KPMG Endurskoðun hf.

Samþykkt samhljóða.

3. SSH – samstarf sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu – framtíðarsýn.

Dagur B. Eggertsson, formaður framtíðarhóps SSH.

Dagur fór yfir verkefni og markmið framtíðarhópsins. Dagur lýsti því hvernig vinnu hópsins var háttað og greindi frá því að hópurinn legði tvær tillögur fyrir aðalfundinn, annars vegar um breytingar á fulltrúaráði SSH og hins vegar um mótun eigendastefnu byggðasamlaga. Dagur sagði frá hugmyndasmiðjunni sem haldin var í apríl sl. í Kópavogi og vinnunni sem unnin var í framhaldi af henni af 14 verkefnahópum sem voru skipaðir lykilstarfsmönnum sveitarfélaga. Hann sagði að hóparnir hefðu flestir skilað af sér tillögum sem fælu í sér hugmyndir um samstarf á fjölmörgum sviðum. Dagur sagði einnig frá heimsókn framtíðarhópsins til Norðurlanda þar sem hann kynnti sér hvernig samstarfi sveitarfélaga er háttað þar. Hann sagði hópinn horfa sérstaklega til Kaupmannahafnarsvæðisins varðandi skipulag samstarfs og að tillaga þeirra um breytingar á fulltrúaráðinu væri hluti af þeirri nálgun.

Umræður:

Jón Bjarnason frá Mosfellsbæ tók til máls og lýsti yfir ánægju með störf framtíðarhópsins. Hann mælti með að hugmyndir hópsins yrðu kynntar almenningi.

4. Breyting á samþykktum SSH (liður sem var frestað fyrr á fundinum).

Dagur B. Eggertsson bar upp framlagða tillögu til breytingar á samþykktum SSH en þar ber hæst breytingu á 6. gr. um fulltrúaráð SSH sem áður er greint frá. Hlutverk fulltrúaráðsins samkvæmt tillögunni er að mynda samráðsvettvang vegna reksturs þeirra byggðasamlaga sem sveitarfélögin reka sameiginlega hverju sinni, sem og vegna annarra samrekstrarverkefna sveitarfélaganna eins og ákveðið verður í hverju tilfelli fyrir sig.

Umræður:

Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, Hafnarfirði tók til máls og sagðist fagna tillögu um eigendavettvang byggðasamlaga sveitarfélaganna. Hún ræddi nauðsyn þess að settar verði vinnureglur til að skýra nánar vald og verksvið hinna ýmsu stjórna og ráða.

Kjartan Örn Sigurðsson, Álftanesi tók til máls og sagðist fagna vinnu framtíðarhópsins. Hann lýsti líka ánægju með hugmyndasmiðjuna sem haldin var sl. vor. Kjartan sagði að hann hefði þó vissar áhyggjur af því hvort skipan fulltrúaráðs yrði til að einfalda málin eða flækja.

Jón Bjarnason, Mosfellsbæ tók til máls og velti fyrir sér hvort fulltrúaráðið yrði til að færa ákvarðanatöku fjær íbúum. Hann ítrekaði kröfur sínar um gagnsæi og íbúalýðræði.

Guðmundur Rúnar Árnason Hafnarfirði tók til máls og sagðist telja breytingartillögunar mjög til bóta enda væru þær til þess fallnar að breikka þann hóp sem kæmi að ákvarðanatöku og stjórn byggðasamlaga.

Guðmundur lagði fram breytingartillögu um að því yrði bætt inn setningu um að framkvæmdastjórar sveitarfélaganna ættu sæti í fulltrúaráðinu að sama ætti við um framkvæmdastjóra SSH. Setningin hljómar þá svona: „Framkvæmdastjórar sveitarfélaganna (stjórn SSH) og framkvæmdastjóri SSH eiga ennfremur sæti í fulltrúaráði SSH með málfrælsi og tillögurétt.”

Guðmundur Gunnarsson, Álftanesi kom upp og lagði fram fyrirspurn til formanns framtíðarhóps um fjölda fulltrúa frá minni sveitarfélögum.

Páll Hilmarsson, Garðabæ tók til máls og lýsti þeirri skoðun sinni að fulltrúaráð eins og tillagan gerir ráð fyrir gæti einungis orðið ráðgefandi fyrir stjórnir byggðasamlaga.

Herdís Sigurjónsdóttir, Mosfellsbæ tók undir orð Páls en sagði að hún sæi ekki að breytingin ein og sér fæli í sér mikla breytingu enda ætti eftir að skilgreina betur hlutverk hvers og eins.

Ólafur Gunnarsson, Kópavogi tók til máls og ræddi um hvert hlutverk fulltrúaráðs yrði skv. breytingunni og um hlut minnstu og stærstu sveitarfélaga þar inni.

Kjartan Magnússon, Reykjavík tók til máls og lýsti yfir efasemdum um að fulltrúaráð eins og því er lýst í tillögunni yrði til að yfirlýst markmið um aukið lýðræði og áhrif minnihluta næðust fram.

Hafsteinn Pálsson, Mosfellsbæ tók til máls og sagðist líta svo á að í tillögunni fælist tækifæri sem rétt væri að nýta sér. Hann sagði að fara ætti af stað með það fulltrúaráð sem þar er lagt til.

Jón Bjarnason, Mosfellsbæ tók aftur til máls og lýsti þeirri skoðun sinni að ekki væri nóg að fulltrúaráð væri ráðgefandi heldur yrði það að veita stjórnun byggðasamlaga aðhald og hafa til þess völd.

Björk Vilhelmsdóttir, Reykjavík tók til máls og sagðist fagna framkominni tillögu og því starfi sem átt hafi sér stað innan vettvangs SSH að undanförunu. Hún sagði að fulltrúaráðið myndi auðvelda samstarf sveitarfélaganna um ýmiss konar þjónustu. Björk minnti einnig á nauðsyn þess að gæta að því við skipun í fulltrúaráðið að þar væru sem jöfnust hlutföll beggja kynja.

Gunnar I. Birgisson, Kópavogi tók til máls. Hann sagðist telja tillöguna góða en nauðsynlegt væri að búa til skýra eigendastefnu.

Gunnar Einarsson, Garðabæ tók til máls og ræddi um hlutverk stjórna byggðasamlaga og um stjórn SSH.

Páll Hilmarsson, Garðabæ tók aftur til máls og ítrekaði þá skoðun sína að endanlegt vald yrði að liggja hjá stjórnun byggðasamlaga enda lægi ábyrgðin þar.

Herdís Sigurjónsdóttir, Mosfellsbæ tók til máls og ítrekaði þörfina á því að skýra hlutverk og völd hvers og eins aðila. Hún sagðist ekki sjá að fulltrúaráð, skv. breytingartillögunni sem fyrir liggur, yrði til að skýra málin.

Eyjólfur Sæmundsson, Hafnarfirði tók til máls og lýsti yfir stuðningi við fulltrúaráðið.

Guðríður Arnardóttir, Kópavogi tók til máls og lagði fram þá breytingartillögu að sveitarfélög með allt að 5000 íbúa ættu 2 fulltrúa í fulltrúaráðinu. Málsgreinin verður þá svona:

Aðildarsveitarfélögin skipa fulltrúa til setu í fulltrúaráðinu sem hér segir:

Sveitarfélag með:
Allt að 5.000 íbúar 2 fulltrúar
5.001 – 10.000 íbúar 3 fulltrúar
10.001 – 20.000 íbúar 4 fulltrúar
20.001 - 50.000 íbúar 5 fulltrúar
50.001 – 100.000 íbúar 7 fulltrúar
yfir 100.000 íbúar 9 fulltrúar

Snorri Finnlaugsson, Álftanesi tók til máls og lýsti stuðningi við breytingartillögu Guðríðar.

Dagur B. Eggertsson tók til máls. Hann þakkaði fundarmönnum fyrir góðar umræður um tillöguna. Hann sagðist taka undir sjónarmið um að mörgu sé ólokið í umræðunni varðandi hlutverk og völd hvers og eins aðila, þ.e. fulltrúaráðsins, stjórnar byggðasamlaga, stjórnar SSH og byggðarráða.

Dagur lagði fram breytingartillögu um að bæta inn orðunum „að lágmarki“ það sem rætt er um fjölda funda. Setningin hljómar þá þannig: „Fastir fundir fulltrúaráðs SSH skulu vera að lágmarki tvisvar á ári.”

Dagur lýsti yfir stuðningi við aðrar breytingartillögur sem komið höfðu fram.

Breyting á 1. gr. borin til atkvæða. Samþykkt samhljóða.

Breyting á 2. gr. borin til atkvæða. Samþykkt samhljóða.

Breyting á 4. gr. borin til atkvæða. Samþykkt samhljóða.

Breytingar á 6. gr. bornar til atkvæða.

1. Breytingartillaga um að framkvæmdastjóri SSH hafi rétt til setu á fundum fulltrúaráðs. Samþykkt samhljóða.
2. Breytingartillaga um að sveitarfélög með allt að 5000 íbúa hafi tvo fulltrúa. Samþykkt samhljóða.
3. Breytingartillaga um að bæta inn orðunum „að lágmarki“ í setningu um fjölda funda. Fram kom það sjónarmið að breytingin væri óþörf enda fæli samþykktin í sér að leyfilegt væri að halda fleiri fundi en tvo. Fundurinn féllst á þá túlkun og var breytingartillagan því ekki borin undir atkvæði.
4. Plaggið í heild sinni borið upp til atkvæða. Samþykkt samhljóða með áorðnum breytingum.

5. Tillaga um mótun eigendastefnu byggðasamlaga

Dagur B. Eggertsson mælti fyrir framlagðri tillögu.

Umræður:

Hafsteinn Pálsson, Mosfellsbæ tók til máls og minnti á að gera þyrfti ráð fyrir kostnaði við gerð eigendastefnu í fjárhagáætlunum byggðasamlaga og því yrði hann að liggja fyrir.

Tillagan samþykkt samhljóða.

6. Fjárhagsáætlanir sveitarfélaganna 2012

Ásgerður Halldórsdóttir, formaður stjórnar SSH fylgdi úr hlaði umræðu um fjárhagsáætlanir sveitarfélaganna 2012 og gaf Páli Guðjónssyni framkvæmdastjóra orðið.

Páll Guðjónsson ræddi um samstarf sveitarfélaganna við fjárhagsáætlanagerð og þann ávinning sem það felur í sér.

7. Almennar umræður um málefni SSH.

Kjartan Örn Sigurðsson, Álftanesi tók til máls og ræddi um snjóframleiðslu í Bláfjöllum. Kjartan lagði fram eftirfarandi tillögu sem er borin fram af Snorra Finnlaugssyni, Kristni Guðlaugssyni, Hjördísi Jónu Gísladóttur, Einari Karli Birgissyni og Pálma Þór Mássyni auk Kjartans:

Tillaga:

„Aðalfundur SSH haldinn í Safnaðarheimilinu Kirkjuhvoli, Garðabæ, 4. nóvember 2011 samþykkir að fela stjórn SSH, með eflingu vetrarferðaþjónustu á Íslandi að leiðarljósi að óska eftir samstarfi við ráðuneyti ferðamála um uppbyggingu snjóframleiðslu í Bláfjöllum með það að markmiði að fyrsta áfanga í uppbyggingu snjóframleiðslu gæti verið lokið haustið 2012.“

Greinargerð:

Í samræmi við 3. gr. þjónustusamnings milli sveitarfélaganna um rekstur skíðasvæðanna sem undirritaður var 21. júlí 2008 hefur stjórn skíðasvæðanna hafið undirbúning að uppbyggingu snjóframleiðslu. Einn liður í þeim undirbúningi var að óska eftir því við SSH að gert yrði áhættumat fyrir Bláfjallasvæðið.

Skýrsla Mannvits um Áhættumat Bláfjallasvæðisins liggur nú fyrir. Áður en SSH óskaði eftir skýrslu um áhættumat svæðisins var ljóst að engin mengun stafaði af snjóframleiðslu sem slíkri heldur var fyrst og fremst verið að rannsaka mögulega áhættu sem aukin umferð gæti skapað á svæðinu með hliðsjón af fleiri opnunardögum. Rekstur skíðasvæða grundvallast á fjölda opnunardaga hvort heldur sem snjór er framleiddur eða snjóar af himni ofan. Takmörkun umferðar um svæðið vegna of margra opnunardaga hefur aldrei verið til umræðu.

Undanfarna áratugi hafa sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu fjárfest gríðarlega í uppbyggingu á skíðasvæðinu í Bláfjöllum með það fyrir augum að auka þjónustu og fjölbreytni. Stuðlað var að enn frekari fjárfestingu og uppbyggingu í Bláfjöllum árið 2005 þegar skíðasvæðunum í Hamragili og Sleggjubeinsskarði var lokað til þess að Orkuveitan gæti virkjað í Henglinum. Á Hengilssvæðinu er framleiddur snjór með tveimur snjóbyssum.

Á undanförunum árum hefur gistiplássur fjölgað verulega í Bláfjöllum um leið og afkastageta skíðalyftna hefur stóraukist. Þá hafa veðurfarsrannsóknir sýnt fram á að hitaskilyrði hafa fullnægt skilyrðum til snjóframleiðslu. Niðurstöður áhættumatsins nú, eru enn frekari hvatning uppbyggingar á snjóframleiðslubúnaði í Bláfjöllum.

Nýverið kynnti Katrín Júlíusdóttir, ferðamálaráðherra átakið „Ísland, allt árið“ sem er markaðsverkefni til að efla vetrarferðaþjónustu á Íslandi og hefur ríkisstjórnin ákveðið að verja allt að 300 milljónum árlega næstu árin til verkefnisins. Fátt er jafn tengt vetrarferðaþjónustu og skíðaíþróttin. Með eflingu vetrarferðaþjónustu að leiðarljósi er því rökrétt að óska eftir samstarfi við ráðuneyti ferðamála um uppbyggingu snjóframleiðslu í Bláfjöllum með það að markmiði að fyrsta áfanga í uppbyggingu snjóframleiðslu gæti verið lokið haustið 2012.“

Kjartan Örn lagði fram breytingartillögu við framlagða tillögu. Tillagan verður þannig:

*„Aðalfundur SSH haldinn í Safnaðarheimilinu Kirkjuhvoli, Garðabæ, 4. nóvember 2011 samþykkir að fela stjórn SSH, með eflingu vetrarferðaþjónustu á Íslandi að leiðarljósi að **kanna möguleika á samstarfi við ráðuneyti ferðamála um uppbyggingu snjóframleiðslu í Bláfjöllum með það að markmiði að fyrsta áfanga í uppbyggingu snjóframleiðslu gæti verið lokið haustið 2012.**“*

Kjartan Magnússon Reykjavík tók til máls og lýsti ánægju með framkomna tillögu.

Guðríður Arnardóttir Kópavogi tók til máls og sagði að ekki lægju fyrir nægilega ítarleg gögn til að hægt væri að taka ákvörðun um breytingu á Bláfjallasvæðinu. Hún sagðist þó ekki gera athugasemd við tillöguna sem slíka að öðru leyti en því að þau tímamörk sem í henni séu tilgreind séu óraunhæf. Hún lagði áherslu á að það yrði að vera fulltryggt að engin áhætta væri tekin varðandi vatnsból höfuðborgarsvæðisins áður en nokkur bindandi ákvörðun verði tekin.

Jón Bjarnason Mosfellsbæ tók til máls og sagðist mæla með því að leitað yrði að skíðasvæði annars staðar, þar sem meiri líkur eru á snjókomu.

Björk Vilhelmsdóttir tók til máls. Hún tók undir orð Guðríðar um að ekki lægju fyrir nægar upplýsingar til að samþykkja tillöguna í óbreyttri mynd. Björk lagði fram breytingartillögu um að stjórn SSH yrði falið að leita eftir samstarfi við ráðuneyti ferðamála um vetrarferðaþjónustu.

Tillagan hljómar þá svona:

„Aðalfundur SSH, haldinn í Safnaðarheimilinu Kirkjuhvoli, Garðabæ, 4. nóvember 2011, felur stjórn SSH að hefja samstarf við ráðuneyti ferðamála um vetrarferðaþjónustu þar sem m.a. verður skoðaður möguleiki á snjóframleiðslu í Bláfjöllum.“

Ármann Kr. Ólafsson Kópavogi tók til máls og lýsti yfir stuðningi við tillögu Kjartans o.fl. Hann lýsti sig andsnúinn framkominni breytingartillögu.

Gunnar Einarsson tók til máls og lýsti stuðningi við upphaflegu tillöguna, með breytingu Kjartans. Hann lagði þó til að gerð yrði sú breyting að í stað þess að tiltekið væri að fyrsta áfanga gæti verið lokið haustið 2012 kæmi að hafist verði handa sem fyrst enda öll skilyrði uppfyllt.

Tillagan hljómar þá svona:

„Aðalfundur SSH haldinn í Safnaðarheimilinu Kirkjuhvoli, Garðabæ, 4. nóvember 2011 samþykkir að fela stjórn SSH, með eflingu vetrarferðapjónustu á Íslandi að leiðarljósi að kanna möguleika á samstarfi við ráðuneyti ferðamála um uppbyggingu snjóframleiðslu í Bláfjöllum með það að markmiði að fyrsta áfanga í uppbyggingu snjóframleiðslu gæti hafist sem fyrst enda öll skilyrði uppfyllt.“

Eyjólfur Sæmundsson, Hafnarfirði tók til máls og lýsti stuðningi við breytingartillögu Gunnars Einarssonar.

Ólafur Gunnarsson, Kópavogi tók til máls og tók undir stuðning við breytingartillögu Gunnars Einarssonar.

Hjálmar Hjálmarsson, Kópavogi tók til máls og ræddi um hlutverk sveitarfélaga í ferðapjónustu og hvað varðar stjórnun skíðasvæða. Hann velti því upp hvort einkaaðili gæti ekki séð sér hag í því að reka skíðasvæðið. Hann lýsti sig andsnúinn upphaflegu tillögunni.

Einar Örn Benediktsson Reykjavík tók til máls og lýsti sig mótfallinn tillögunni um snjóframleiðslu í Bláfjöllum.

Guðríður Arnardóttir tók aftur til máls og ítrekaði að vatnsverndin yrði að njóta vafans. Hún sagðist þó geta tekið undir breytingartillögu Gunnars Einarssonar.

Björn Blöndal Reykjavík tók til máls og tók undir breytingartillögu Gunnars Einarssonar. Hann lýsti þó þeirri skoðun sinni að málið ætti vart heima á vettvangi aðalfundar SSH.

Kjartan Örn Sigurðsson flutningsmaður tillögunnar tók aftur til máls og þakkaði fyrir umræðuna um tillöguna. Hann sagðist taka undir breytingartillögu Gunnars Einarssonar.

Björk Vilhelmsdóttir Reykjavík dró breytingartillögu sína til baka áður en til atkvæðagreiðslu kom.

Breytingartillaga Gunnars Einarssonar borin upp til atkvæða. Samþykkt með meirihluta atkvæða, einn á móti.

Tillagan í heild, með áorðnum breytingum, borin upp. Samþykkt, einn á móti.

Jón Gnarr, borgarstjórinn í Reykjavík tók til máls. Hann þakkaði fyrir gott samstarf sveitarfélaganna við fjárhagsáætlanagerð og sagðist fagna því að það samstarf væri að aukast. Jón ræddi einnig um hlutverk SSH og um umboð stjórnarmanna þess sem hann hefði velt fyrir sér. Jón nefndi málefni þeirra sem minnst mega sín og hafa beðið mestan skaða af efnahagshruninu. Hann sagðist vilja efna til meira samstarfs í þeim málaflokki sem og öðrum. Hann sagðist telja að skilvirkasta leiðin til þess væri að vinna markvisst að sameiningu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu í eitt eða tvö sveitarfélög. Hann þakkaði fyrir góðan fund.

Guðrún Ágústa Hafnarfirði tók til máls og vakti athygli á stjórnsýslu- og fjárhagsúttekt á byggðasamlögum sem fyrir liggur. Hún hvatti kjörna fulltrúa til að kynna sér starfsemi og þjónustu byggðasamlaganna og til að mæta á ársfundi þeirra.

Hún tók undir vangaveltur borgarstjóra um umboð sitt sem fulltrúi í stjórnnum samlaga og fyrirtækja. Hún ræddi einnig um viðbótarfjármagn frá ríkinu sem fyrirhugað var að setja í almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu og vakti athygli á að það væri ekki eins mikið og lagt var upp með.

Hjálmar Hjálmarsson Kópavogi tók til máls og ræddi um málefni byggðasamlaga. Hjálmar ræddi sérstaklega um almenningssamgöngur og sagði brýnt að sveitarfélögin stæðu saman um að styrkja þær. Hjálmar nefndi að margar hliðar væru á samvinnu sveitarfélaga og margar aðrar leiðir til þess en byggðasamlög.

Dagur B. Eggertsson Reykjavík tók til máls og ræddi um fyrirhugað viðbótarfjármagn frá ríkinu sem rætt hefur verið um að leggja til almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu. Hann sagði að miskilnings hefði gætt í umræðunni um það á aðalfundinum en tók undir mikilvægi þess að málið gengi eftir.

Hafsteinn Pálsson Mosfellsbæ tók til máls og sagði frá umræðu í stjórn Strætó um hvernig bæri að nýta viðbótarfjármagn frá ríkinu, kæmi það til. Þeirri umræðu hefði hins vegar frestað vegna misvísandi skilaboða um upphæð þess fjármagns.

Ágerður Halldórsdóttir, formaður stjórnar SSH þakkaði fundarmönnum fyrir góðan fund.

Fundi slitið kl.17:40.